

26-01-87

Skógrækt Ríkisins deild 81. Suðurland.

Ársskýrsla 1986

Böðvar Guðmundsson.

1. Veðurfar ársins.

1.1 Tíðarfarsyfirlit. Veturinn allhagstæður- snjóléttur. Vorkoma á eðlilegum tíma. Mjög hagstæð sprettutið fyrri hluta sumars. Skíplast á rigningar og sólskinsdagar. Seinni hluti sumars þurrari en vant er. Allhlýtt sumar. Dagar yfir 20 gráðum fáir að vanda. Í fyrsta viku september gerði allmikið summanveður með miklu saltroki. Mátti víða sjá merki þess á laufi lauftrjáa. Fyrsti snjór í seinni hluta október, en ekki til trafala. Haustið gott en þó langir frostakaflar í okt. - des. Árið í heild allgott.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2.1. Laufgun og Laufall.

Laufgun var dæmd eftir leiðbeiningum og kerfi sem rannsóknarstöðin á Mógilsá lét í té. Örn Óskarsson sá um athuganirnar á Selfossi, en B.G. í Þjórsárdal.

| <u>Selfoss:</u> | <u>kvæmi.</u> | <u>Fullútsprungið</u> <u>dagsetn.</u> |
|-----------------|---------------|--|
| Alaskaösp | C 10 05 | 5/6 |
| - | C 10 | 1/6 |
| - | C14 | 30/5 |
| - | C 9 | 3/6 |
| - | C 9 | 5/6 |
| - | C 9 | 3/6 |
| - | Kenai | 5/6 (sennil.Moose Pass) |
| Al.víðir | grænn | 28/5 |
| - | Brúnn | 1/6 |
| - | Cordova | 1/6 |
| Birki | Bæjarst | 5/6 |
| Reyniviður | | 30/5 |
| Gráreynir | | 5/6 |

Laufgun í Þjórsárdal.

| | | | |
|------------|---------------|------|-----------------------------------|
| Alaskaösp | C 09 01 | 15/6 | (R 2304) |
| - | C 09 01 a | 20/6 | - |
| - | C 09 06 a | 20/6 | - |
| - | C 09 07 | 20/6 | - |
| - | C 10 06 | 15/6 | - |
| - | C 10 07 | 20/6 | - |
| - | C 10 08 | 20/6 | - |
| - | C 10 09 | 20/6 | - |
| - | C 10 10 | 20/6 | - |
| - | C 14 Fossv. | 15/6 | - |
| - | C 14 02 | 15/6 | - |
| - | C 14 02 a | 15/6 | - |
| - | C 14 02 b | 15/6 | - |
| - | Moose Pass | 20/6 | (Grímstaðir Selfossi mjó týpa). |
| - | Espiflöt | 20/6 | (Ættuð frá Eiríki Sæland Espifl.) |
| - | C 14 01 b | 15/6 | - |
| Birki | Þjórsárd. | 23/6 | (R 2304) |
| Rauðgr. | Tröndelag | 23/6 | (Kyrrþey) (stig 2a) |
| Sitkagreni | Hómer | 20/6 | (Kyrrþey) (stig 2a) |
| Blágreni | Sapinero Col. | 25/6 | (Kyrrþey stig 2a áætlað) |

Asparkvæmin laufgast öll á tímabilinu 15 - 20/6, svo og sitkagreni frá Hómer.

Birkikjarrið Þjórsdælska og Þrændska rauðgrenið laufgar 23/6.

Blágrenið frá Colorado er síðast af stað af þeim trjám sem athuguð voru.

Lauffall. Lauffall er erfitt að ákveða en ég giska á ca 20.sept. á Selfossi. E.t.v. þyrfti að setja um lauffallið leiðbeiningar þar sem x lengdarvaxtarstopp eða gulnun væri útgangspunktur.

2.2. Vöxtur: Arsvöxtur telst í meðallagi. Eitir veðurfari fyrri hluta sumars hefði mátt búast við löngum sprotum á sitkagreni, en svo var þó ekki nema á einstaka tré. Sprotar grenis á Kirkjubæjar-klaustri voru þó yfir meðallagi..

2.3. Fræfall: Lítið fræfall, engu safnað.

2.4. Skaðar. Merkjanlegir voru skaðar á birki eftir maðkárið í fyrra. Nokkuð hefur drepist af eldri trjám og önnur voru lauflítill. Þetta er mjög áberandi í elsta skóginum í Þórsmörk, t.d. Húsadal. Kjarr í uppsveitum Árnessýslu dökkt og lauflítið neóst í hlíðum. Saltveður í fyrstu viku sept. flýtti fyrir gulnun og urðu lauf nánast brún.

Miklar skemmdir voru sjáanlegar á stafafuru eftir veturinn 85 - 86. Þó var það merkjanlegt að stór tré og smáplöntur sluppu en tré í stærðunum 0,50 - 1,00 m voru mest sviðin og sum dauð.

3. Starfsfólk. 15 manns komust á launaskrá hjá deild 81 og skiptast eftir mánuðum þannig:

j f m a m j j á s o n d
1 1 1 2 9 10 11 12 8 8 6 2

Helgi Garðarsson húsasmíðameistari starfaði megnið af sumrinu við smíði starfsmannahússins.

Þórarinn Benediktz og Ólafur Friðriksson frá Mógilsá voru 2 daga við mælingar 22 - 23 okt.

Enginn faglærður verkstjóri starfaði í Þjórsárdal þetta árið, en Snorri Sigurfinnsson var flokkstjóri. Arni Eiríksson frá Eyrarbakka ók vörubifreiðinni og sá að mestu um viðhald véla.

Tvær auka ráðskonur voru ráðnar á meðan á Norðmannaheimsókninni stóð. Voru tvær í Alviðru í Ölfusi með Norðmönnum, þær Magnea Bjarnad. o. Móeiður Helgadóttir, en Kristín Ólafsdóttir mallaði í Þjórsdæli. Að síðustu má nefna 2 múrara er lögðu í gólf starfsmannahússins í október þá Asbjörn Hartmannsson og Tomas Gunnarsson.

4. Girðingar.

4.1. Viðhald.

Þjórsárdalur: Viðhald eins og venjulega. Endurgirtur nýr kaflí milli Sandár og Reykholtshliðs 1540 m. Er því verki svo til lokið. Rafmagnspráður var settur á kaflann Sundlaug - um skeiðamannahólma og langleiðina inn að Stöng. Stórkostlegur munur við fjárgæsluna. Nýtt hlið úr jární var sett á Skeiðamannahólma við gamla Fossárvaðið.

Skarflanes. Ekki var farið með girðingum enda tilgangslaust, þar sem beitarnólfsgirðing er ónýtt og heldur engvu. Nokkuð var um fé í girðingunni í sumar. Bárust kvartanir frá Þorbirni Sigurbjörnssyni. Hér þarf að setja upp girðingu sem lokar af beitarnólfum að framanverou um 2000 metrar að lengd.

Laugarvatn. Viðhald eins og venjulega. Eriðleikar vegna aurs á laugarvatnsfjalli.

Þórsmörk. Viðhald eins og venjulega. Kaflinn á Krossáraurum lengdur fram að göngubrú Ferðafélags Íslands undir Valahnjúk.

Hlíðargirðing. Valur Oddsteinsson í Hlíð sá um viðhald.

Kirkjubæjarklaustur. Viðhald eins og venjulega.

5. Skógarhögg.

5.2. Jólatré: Alls voru seld 2.024 jólatré og er það 209 trjám ferra en í fyrra. Þau skiptust í eftirtalda stærðarflokka:

| | Rauðgreni | Stafafura | Fjallapínur |
|-------------|-----------|-----------|-------------|
| 0.70 - 1.00 | 185 | 22 | 2 |
| 1.00 - 1.25 | 605 | 66 | 5 |
| 1.25 - 1.50 | 557 | 18 | 7 |
| 1.50 - 1.75 | 289 | 17 | 6 |
| 1.75 - 2.00 | 117 | 3 | 2 |
| 2.00 - 2.50 | 63 | | 3 |
| 2.50 - 3.00 | 25 | | |
| 3 - 4 | 15 | | |
| 4 - 5 | 14 | | |
| 5 - 6 | 2 | | |
| 6 - 7 | 1 | | |
| | <hr/> | <hr/> | <hr/> |
| | 1.873 | 126 | 25 |

5.3. Hnausaplöntur. Hnausaplöntur af sitkagreni og stafafuru voru seldar fyrir u.þ.bþ 300.000 kr úr Þjórsárdal. Fólk tók þetta upp sjálfst eins og árið á undan. Hvert tré var selt á kr 650, alls um 460 tré.

5.4 Grísjun. Nokkuð var grísjað fyrir gróðursetningu í Þjórsárdal í Asólfstaðafjalli, við Perlu og víð. Allt litlir fletir. Er nú verið að fylla milli eldri gróðursetninga.

Í Hlíðargirðingu í Skaftártungu var grísjað fyrir gróðursetningu á 0,5 ha. í það fer fura.

Á Laugarvatni. Var grísjað fyrir gróðursetningu norðmanna. Alls voru

grísjaðir um 6 hektarar.

6. Gróðursetning.

Þjórsárdalur:

| | | | | | | |
|---------------|------------|---------|---|----------------|-------|------------|
| Fjallakjinnur | Skagway | 2/2 br. | H | C 081 | R2204 | 140 plöntu |
| Blágreini | San Isabel | 2/3 br | H | C 051 | | 3.250 |
| Blágreini | Baker | Hnaus. | P | | R2204 | 50 |
| Sitkabast. | Lýsishóll | 2/3 br. | H | C 022 | | R.1023 200 |
| Sitkabast | Seward | 2/0 fp. | H | B 909 | R1023 | 2.000 |
| | | | | | aföll | 1.000 |
| Sitkagreni | Taraldsöy | 1/0 fp. | G | C142-85 | R1023 | 9.300 |
| Stafafura | Bennet l. | 1/3 br. | H | Co62 | R1950 | 200 |
| | | | | | 2056 | 400 |
| | | | | | 2410 | 100 |
| | | | | | 2406 | 100 |
| Rauðgr. (85) | Brönnöy | 2/4 mb. | T | B801-80 | R1950 | 1.000 |
| | | | | | 2055 | 960 |
| | | | | | 1948 | 1.000 |
| | | | | | 2045 | 1.000 |
| Rússalerki | Sönsterud | 2/1 mb. | T | Co124 Co126 | R1945 | 1.400 |
| Rússalerki | Jönsberg | 2/2 mb. | T | Co69 | R2021 | 500 |
| Rússalerki | MoDo (85) | 2/2 mb. | T | Co54 | R2020 | 400 |
| Rússalerki | MoDo | | | Co54 | R1023 | 450 |
| Rússalerki | MoDo | 2/2br. | T | Co54 | R1950 | 700 |
| | | | | | R1945 | 200 |
| Rússalerki | MoDo | 2/3 br. | T | Co58 | R1950 | 1.450 |
| | | | | | | 25.800 |

Ógróðursett:

| | | | | | | |
|-------------|-------------|---------|---|------|--|-------|
| Serbiugreni | Ringsaker | 2/2 br. | T | | | 110 |
| Blágreini | Rio Grande | 2/2 br. | H | C118 | | 1.100 |
| Evr.lerki | St.Morits | 2/2 mb. | T | Co99 | | 75 |
| Evr.lerki | Albula pass | 2/2 mb | T | C102 | | 56 |
| Evr.lerki | Tschierv | 2/2 mb. | T | C100 | | 65 |
| Alaskalerki | Fairbanks | 1/2 mb. | T | Co12 | | 325 |
| Rússalerki | Jönsberg | 2/2 mb. | T | Co69 | | 400 |

2.131

Laugarvatn: Síðsumarsgróðursetning 29/7 - 8/8 1986. Norðmenn.

| | | | | | |
|----------------|------------|--------|---|---------|--------|
| Sitkabastarður | Lýsishóll | 2/2 br | H | Co22 | 1.100 |
| Blágreini | San Isabel | 2/3 br | H | Co51 | 750 |
| Sitkagr. | Taraldsöy | 1/0 fp | G | Cl42-85 | 14.345 |
| Stafafura | Bennet L. | 1/3 fp | H | Co62 | 4.200 |
| Stafafura | Stálpast. | 1/0 fp | G | Cl35-85 | 3.240 |
| | | | | | <hr/> |
| | | | | | 23.635 |

Alls gróðursett á vegum deildar 81 49.435 plöntur.

6.2. Gróðursetning og sáning lúpínu.

Flest ár er stungið upp nokkurt magn lúpínuróta og þær gróðursettar á örfoka svæði. Að þessu sinni var sett talsvert magn í Vatnsás sem er örfoka hæðardrag framan við Skriðufellsbæinn. Þar hefur öru hvoru á undanförunum árum verið plantað lúpínu en mikil aföll orðið. Nú var einnig reynt að sá lúpínufræi, sem smitað hafði verið. Einnig var sáð 10 kg af fræi á vikrana sunnan við söluskúra Landleiða h/f, og síðan í mjóa rönd með þjóðvegi austur á miðja Vikra. Þetta spíraði allvel, en tíminn verður að leiða í ljós hvað lifir af þessu. Við sáninguna var notaður sérstakur útbúnaður er areginn var af dráttarvél.

7. Hreinsing plantna:

7.1. Hreinsun teinungs og frásögun.

Í þjórsárdal var sagað frá í reitum 2038 - 2136 - 1937 - 2135. Á áætlun var að hreinsa ú langtum íleyri reitum en Norðmannaheimsókn og húsbýgging ásamt miklum bilunum í sögum gerðu strik í reikninginn. Áætlunin var að hafa 2 menn við kjarrhreinsun yfir vetrarmánuðina 86-87 en fjárhagur leyfði það ekki.

7.2. Aburðargjöf.

Borið var á eftirtalda reiti: 2036- 2149 - 2150 - 2020 - 2030 - 1924 - 2040. Á þessa reiti fóru um 2 tonn af Græði 4 A.

8. Vélar og verkfæri.

8.1. X 2395. Vörubifreið. Gekk allvel framan af ári, en á haust mánuðum brotnaði lega í millikassa. Við skoðum kom í ljós að all t innvols í kassanum var orðið svo lélegt að ekki borgaði sig að gera við. Fengin var því annar kassi notaður, en talsvert miklu betri. Kostaði hann kr. 60.000. Skipt var um spissa í vél og fleira smálegt lagað svo sem bremsudælur.

8.2. X 6476 Mishubitsi sendibíll. Í lagi lítið viðhald.

8.3. Dráttarvélar. Endurnýjaður kúplingsdiskur í traktorsgröfu. Zetor Xd 2040: Nýjar stanga og höfuðlegur ásamt einum stimpli.

8.4. Jaróytan . Sú skipan komst á í ársbyrjun 1986 að jaróytan yrði gerð út frá deild 81. Var hún á Tumastöðum fram að 1. júlí, en var þá flutt á svæði skógarvarðarins á Vesturlandi og var þar lungu ár sumrinu. Þá var hún flutt á Selfoss og vann eina viku fyrir Skógræktarfélag Selfoss við plæingar í svokölluðum Hellis-skógi norðan við Ölfusá, en þar hyggst rólagið koma upp útivistarsvæði fyrir Selfossbæ.

- Næsta verkefni var á Snæfoksstöðum í Grímsnesi fyrir Skógræktarfélag Arnesinga og þar herfaðir einir 10 hektarar af mólendi. Einnig var rudd braut meðfram austurkafla Snæfoksstaðagirðingar. Eftir þetta var hún flutt í Þjórsárdal og notað við að ýta upp mól fyrir vegagerð svo og í brautalagningu. Í nóvember var hún síðan flutt að Tumastöðum aftur. Ýtustjóri var Heimir Hoffritch en hann hætti eftir að verki fyrir Skógr.fél Selfoss var lokið. Arni Eiríksson var síðan á vélinni um tíma og Benedikt Blöndal í lokin.

9. Byggingar.

9.1. Viðhald. Ekkert unnið að viðhaldi húsa.

9.2. Nývirki. Hafist var handa í júní að reisa starfsmannahús í Þjórsárdal ofan á þann grunn sem steiptur var 1985. Húsið er timburhús með vatnasklæðningu úr timbri. Húsið var gert fokhelt og einangrað að mestu. Öllum frágangi að utan er lokið. Helgi Garðarsson húsasmiðameistari vann þetta að öllu leyti og hafði einn strák að jafnaði sér til aðstoðar. Síðla árs var svo lagt í gólf og gengið frá niðurföllum. Vatn er einnig komið inn fyrir vegg. Eftir er svo að klæða útveggi að innan og setja upp milli-veggi og innréttingar.

10. Ímislegt.

10.1. Ferðalög. Skógarvörður kom í öll skóglendi Skógræktarinnar til eftirlits og verkstjórnar.

Farið var í ferð með skógræktarstjóra og landgræðslunefnd alþingis ásamt landgræðslustjóra og fulltrúum hans til Þórsmörkur - um Mýrdal - Mýrdalssand - Gunnarsholt o.fl. Skoðaðar voru beitaraðstæður í Þórsmörk og almenningum, vegastæði yfir Mýrdalsand, melskurður í Vík, landbrot Múlakvíslar á Kötlujökli o.fl.

Skógarvörður heimsótti formann skógræktarfélagssins Markar og skoðaði með henni (Olafía Jakobsdóttir) girðingu félagsins við Foss á Síðu. Lítur þar allt þokkalega út og er varla vaxið úr grasi ennþá. Svólítið var grisjað fyrir og gið í girðingu á Hörgslandi.

10.2. Ferðafólk. Hirt voru tjalldgjöld af tjalldstæðum í Þjórsárdal. Héraðsambandið Skarphéðinn hélt sína árlegu hátíð "Gaukinn" í Sandártungu. Komu inn fyrir "Gaukinn" kr 345.000. Fór hátíðin vel fram enda heldur fámenn.

Um móttöku ferðalanga í Þórsmörk sáu Ferðafélag Íslands, Útivist, Farfluglar og Austurleið h/f. Gekk það stórslysalaust utan þess að nokkur laugatitringur varð af svokölluðum "Þórsmerkurvökum", sem haldnar voru í Húsadal einar þrjár heigar.

10.3Skjólbelti. Nýtt skipulag varðandi skjólbeltagerð komst í gagnið með reglugerð dags. 11 sept. 1985. Eftir þeirri reglugerð var því unnið á árinu 1986. Þar kveður á að bændur skuli standa að skjólbeltagerð sjálfir, en njóta til þess styrkja er teknir eru úr sameiginlegum sjóðum landbúnaðarins. Til þess að bændur geti fengið styrk skal vera búð að gera skjólbeltaáætlanir fyrir jarðir þeirra. - Að slíkum áætlunum unnu talsvert skógarvörður og Sigvaldi Ásgeirsson. Um 80 bændur höfðu sótt um skjólbelti 1986, en ekki tókst að heimsækja þá alla, enda mjög tímafrekt því varla er hægt að komast yfir meira en að heimsækja 2-3 bæi daglega.

10.4. Gestir skógræktarinnar. 25 manna norðmannahópur var á suðurlandi í hálfan mánuð í ágúst. Dvöldust þeir í Alviðru í Ölfusi við góðan kost en húsprengrli. Unnu þeir að gróðursetningu og grisjun á Laugarvatni og voru keyrðir á milli daglega. Farið var með þá nokkuð um suðurland og einnig inn í Þórsmörk. létu flestir vel af dvölinni.

- 4 október komu hér Barbara Callen og dóttir hennar Betsy Albecer frá Skagway í Alaska, ásamt þórnari Benediktz og Hákonni Bjarnasyni. Var þeim sýnt um í Þjórsárdal.

10.5. Vegagerð. 6.okt. kom Benedikt Blöndal með vörubíl frá Vöglum og hafist var handa um að bera ofaní helstu stofnbrautir í Ásólistaðaskógi. Tæki deildar 81 voru og notuð við þetta. Gekk vegagerðin vel framan af en talsverðar rigningar ollu því að 17 okt var orðið svo blautt að ekki þótti fært að gera meira.

Bendubúttur ruddi síðan með jarðýtunni braut út frá gömlum vegi inná við Lerlu. Liggur nýja brautin yfir eystir Seljatunguhvísil og upp á Seljatungunef og opnar stórt gróðursetningarsvæði sem er Seljatungan. Hún er rýr á köllum, mosapembuskratti, en á köllum kjarri vaxin, og liggur í 200 - 240 m.hæð yfir sjó.

- Þá var og markað og kjarrhreinsað fyrir braut eftir endilöngum Dímonsliðum. Þar opnast nokkurt land er hentar vel fyrir lerki.

10.6. Skipulags og mannabreytingar.

Þar breytingar urou 1. október 1986 að Garðar Jónson skógarvörður fékk lausn frá embætti. Hann hafði gegnt því frá í febrúar 1943 eða rúm 43 ár. Við starfi hans tók Böovar Guðmundsson.

- Nokkrar skipulagsbreytingar voru gerðar á skógarvarðarumdæminu á suðurlandi með ráðherrabréfi 22. des. 86. En í því kveður á um að haukadalur skuli aftur falla undir skógarvörðinn á suðurlandi með vissum undantekningum þó. Skal þetta ákvæði gilda til 1. apríl 1986.

Selfossi 22/1 1987

Böovar Guðmundsson